Heimskringla.

IV. ár. Nr. 22. Winnipeg, Man., Canada, 29. mai 1890. Tölubl. 178.

ÍSLANDS-FRJETTIR.

Snæfellsnesi, 31. marz: „Veðrátta var hjer hin óstöðugasta frá því jeg skrifaði síðast (8. þ. m.) og þangað til 21., óptast norðan harðneskjuveður með meiri og minni snjókomu. Síðan hefir jafnan verið landsunnan þíða og mari. Er því alstaðar hjer í byggð orðið snjólaust, og flóar trauðla hestfærir fyrir klakleysi. Þess vegna útlit hið bezta, ef veðrátta breytist eigi því verr, því alstaðar eru skepnur gengnar undan í bezta standi".

Barðastrandasýslu sunnanv. 26. marz: „Veðrátta hjer og í nálægum plássum er nú farin að verða stórgerðari en hún var fyrri part þessa vetrar. Eptir miðjan febrúar voru hjer stillur og góðviðri fram undir hálfs mánaðar tíma, síðan þíðviðri og bezta hláka, sem stóð fram í fyrstu viku þessa mánaðar, en í annari vikunni gerði kófhret, sem stóð framt að hálfum mánuði. Dagana frá 12.—19. þ. m. var hjer hið versta hret, og fylgdist að hvassviðri mikið af austnorðri og frá 12—14 stiga frost á R. Síðan dró úr hreti þessu, og lifur síðan mátt heita gott veður, stundum frostlin, þíða og leysing; aptur í gær upppot af austri, eitt af mestu veðrum, sem hjer koma, með kóf-kafaldi, en frost vægt; eins viðrar í dag, en dregur nokkuð úr hvassviðrinu".

Ísafirði 23. marz: „Hafíshroði kom í [illegible] 6. þ. m., og varð í nokkra daga ekki komizt á sjó vegna hans að vestanverðu í Djúpinu. Kom þá um leið frostkafli, 8—10 stig R. Ísinn er nú farinn, og síðustu dagana hefir verið góður afli í Miðdjúpinu. Hagar góðir alstaðar, viðast hvar næg hey, og skepnuhöld góð".

Húnavatnssýslu vestanv. 30. marz: „Nú er komið vor og að almanakstali veturinn liðinn, og hefir ekki gert part við sig að heita má. En nú eru úr öllum áttum *hafís*-frjettir: mælt er að sjezt hafi (frá Tjörn á Vatnsnesi) spöng fyrir Húnaflóa í vikunni, sem leið; nú fyrir tvelmur dögum fregn um, að nokkrir jakar væru komnir inn undir Guðlaugshöfða milli Hrútafjarðar og Bitru, og Strandasýslupóstur kemur með þær frjettir, að meiri og minni hroði sje á hverjum firði fyrir utan Reykjarfjörð.

Nú eru allir semt vongóðir um að fá gott vor, og eiga miklar fyrningar eptir þennan góða vetur".

Skagafirði, tímabilið 26. jan. til 19. marz: „Í næstl. febrúar var veðráttan mild og góð, vindstaðan vanalega suðvestan, og næg jörð.

Bráðapest hefir í vetur gert með minnsta móti vart við sig í sýslunni, og skepnuhöld eru um þetta leyti ágæta í mjög góðu lagi, þar eð heyin voru í haust mikil og vel verkuð, þótt þau hafi verið fóðurljett, og veðráttan mild. Þess er von, að hagur manna batni, nema ísinn komi og liggi hjer. *Heilsufar* gott".

Eyjafjarðarsýslu (norðanv.) 19. marz: „Veturinn hefir yfir höfuð að tala verið góður hjer, þó gert hafi hríðarskot annað slagið. Frostið í vetur komizt hæst 13 stig R. (8. þ. m.). Nú um tíma verið utan og austan hríðar-stormar, og í morgun var komið hjer fyrir dálítið hafísjakastangl, en þó ekkert að sjá til hafsins af honum. Hákarlsafli á vetrarskip í Fljótum orðinn allgóður síðan á nýári, 1½ til 2½ lýsistunna til hlutar".

Afmælisdagur konungs. Óvenju fjölmennt afmælis-samsæti var haldið í gærkveldi hjer í bænum í „hótel Reykjavík": fyrs borðhald, af 117 manna, karla og kvenna, og danz á eptir. Fyrir minni konungs mælti amtm. E. Th. Jónassen, fyrir minni Íslands landshöfðingjan, fyrir minni landshöfðingja síra Þórh. Bjarnarson, og fyrir minni kvenna landshöfðingjanu.

Í latínuskólanum var enginn minningarhátíð, vegna þess, að stiptsyfirvöldin höfðu viljað afstýra hinni miklu drykkjuskapar óreglu pilta, er átt hefir sjer og einstt stað undanfarið í þessum konungsafmælisveizlum, með því að mæla svo fyrir, að ofdrykkja þeirra skyldi metin jafn saknæm við það tækifæri sem endrarnær, og var það gjört *stúdentum ósk eða tilögum rektors og kennaranna á fundi*. En þá vildu piltar heldur vera án alls hátíðahalds þennan dag. Er það huggunar og fagnaðarefni fyrir áhugamikla bindindisvini, hve höfðingjaefni þessi sýna sig líkleg til óruggrar framgöngu undir merkjum Bakkusar.

Strandferðaskipið Thyra, kapt. Hovgaard, kom hingað í fyrra kvöld norðan um land og austan, eptir 18 daga ferð frá Khöfn, sem hafði gengið ágætlega. *Hafís hjergi á hennar leið sjáanlegur.* Farþegjar var með af farþegum, frá útlöndum engiinn hingað.

Eyjafirði 2. apríl: „Þessa dagana er ásahláka, og nálega óris í byggð. Hátt verð bodið fyrir fje, því allir vilja kaupa, en fáir selja. *Á peningum er engiinn hörgull*, og mundi „meistari Eiríkur" og Einar Hjörl. komast að raun um, að landið er ekki alveg gull-laust orðið, ef þeir fengju að skoða í sparisjóðina hjer í sýslunni; þrí þeir hafa fyrirliggjandi *krónur af gulli og silfri*".

Lausn frá prestsskap hefir landshöfðingi veitt 1. þ. m. síra Eggert O. Brím á Höskuldsstöðum. Það brauð er auglýst 8. þ. m., metið 1,563 kr.

Kaupfjelag Reykjavíkur. Nokkrir embættismenn og borgarar í Reykjavík, þeir er vanir eru að kaupa nauðsynjar sínar fyrir peninga, hafa 16. þ. m. (apríl) sett á stofn fjelag er nefnist „Kaupfjelag Reykjavíkur", með þeim tilgangi, ens og segir í samþykkt fjelagsins, „að útvega sjer fyrir peningaborgun út í hönd svo góð kaup sem unnt er, á útlendum nauðsynjavörum, svo sem öllum matvælum, kryddjurtum, kolum, steinolíu, helzt hjá kaupmönnum er reka hjer fasta verzlun, og enn fremur af innlendum vörum á smjöri og sandum á fæti eða kjöti".

Í stjórn fjelagsins eru þeir Sigfús Eymundsson (formaður), Sighvatur Bjarnason og Síra St. Thorarensen.

Dáin 8. f. m. (marz) í Kaupmannahöfn ekkjufrú *Guðrún Brynjólfsson*, á 91. aldursári, fædd 15. júní 1799. Hún var dóttir Stefáns amtmanns Þórarinssonar († 1822) tvíburi við Lárus sýslumann Thorarensen á Enni († 1864), en ekkja dr. philos. Gísla Brynjólfssonar á Hólmum í Reyðarfirði, er drukknaði 1827. Var frú Guðrún þanuig ekkja í 63 ár, og blind síðustu ár æfi sinnar. Hún lifði lang lengst allra (17) barna Stefáns amtmanns. Hennar einkabarn var Gísli (Gíslason) Brynjúlfsson, kennari við háskólann í Khöfn, dáinn fyrir 2 árum. (*Ísafold*).

Alþingiskosninar í Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslu eiga eptir ákveðum landshöfðingja, að fara fram um miðjan næstkomandi júnímánuð.

Lofsvert fyrirtæki er það, sem stofnað var til í vetur meðal íslenskra kaupmanna í Khöfn. Þeir hafa skotið saman 1400—1500 kr. handa sjera *Oddi V. Gíslasyni* á stað í Grindavík, „sumpart sem viðurkenningu fyrir starfsemi hans í öllu því, er miðar til umbóta og eflingar sjávarútvegi á Íslandi, og sumpart til þess, að hann geti haldið þessu starfi áfram".

Búnaðarskólinn í Ólafsdal. Eptir skýrslu um skólann frá byrjun til síðasliðins árs (1880—89), sem nýlega er út komin, hafa þessi ár gengið á skólann alls 51 lærisveinn. Af þeim hafa útskrifast 40, þar af 8 síðastliðið vor; auk þess hafa 2 tekið burtfararpróf að eins í bóklegum námsgreinum. Vegna veikinda fóru 5 frá skólanum þróaðan (1883), en 1 dó eptir að hann hafði dvalið á skólanum nærri árlangt.

Mannslát. 1. þ. m. andaðist hjer í bænum eptir langa vanheilsu skólastjóri *H. E. Helgasen*, 58 ára að aldri. Hann var kandidat í guðfræði, en prestvígðist þó aldrei, heldur var forstöðum. við barnaskólann í Reykjavík, og var bilinn að hafa þann starfa á hendi í-sem 27 ár. (*Þjóðólfur*).

Sýslunefnd Eyfirðinga veitti 50 kr. til sýningarinnar á fundi sínum 6.—8. þ. m.

Sjálfsmorð. Smalapiltur í Vatnsfirði, Magnús Benjaminsson, rjeð sjer bana 3. þ. m.; hafði hann laumast burt af heimilinu með byssu, og fannst dauður í klettaskoru nokkuð frá bænum, hann hafði skotið upp í sig, og sær höfuðið splundraðt.

5. þ. m. rjeð sjer bana á Snæfjallaströnd gamalmennið Jónatan Jónasson um sjötugs-aldur; hafði hann lokað sig inni í úthúsi og stungið eða skorið sig á háls; hann hafði sótt hugsýki eða örvingl an um nokkurn tíma, og greip til þessa er hann hafði fengið fregnina um sjálfsmorðið í Vatnsfirði.

Þannig hafa þrir menn ráðið sjerbana hjer í sýslu á yfirstandandi vetri.

Tíðarfar m. m. Veðrátta má heita góð á degi hverjum, en engin kýlinda tíð. Aflatregt mjög hvívetna nema Djúp.

Bókasafnið á Ísafirði hefur bæjarstjórnin veitt 150 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.—Fjelagstalan mun nú vera um 100.

Af útgerðarmönnum sækir nú hingað að Djúpi mesti fjöldi, og ganga allir út, og þó fleiri væru fyrir 6 9 kr. um vikuna en allrar útgerðar, og hittast munu þeir ekki fáir, sem töluvert meira bera úr býtum, þó að lítið vit sýnist í því fyrir útvegsmennina. (*Þjóðólfur*).

Hin fyrirhugaða hjeraðssamsæti í minning þúsundárs afmælis Eyjafjarðar er nú ákveðin að fram skuli fara að Oddeyri og byrja 20. júnímánaðar næstkomandi og standa að minnsta kosti í tvo daga. Fundur sá, er tilstóð um þetta mál, var haldinn 5. þ. m., og mættu á honum tveir kjörnir menn úr flestum hreppum hjeraðsins. Undirtektir undir fátíðahaldið reyndust góðar og almennar, en sýningarmálinu tóku sumir daufleg. Eptir töluverðar umræður samþykkti þó fundurinn með flestöllum atkvæðum, að um leið skyldi halda dálítla sýningu, einkum á búpeningi, en líka á hverjum þeim innlendum munum, sýnishornum, uppdráttum og öðru sem hann geti ekki ölla lengur ráðið vi ð þá, því hérinn allur sje óviðráðanlegur, heimtar að byrjað sjeán frekari undandráttar, en að sjer sje sama hvar byrjað verði, hvort heldur í Asíulöndum eða Evrópu. Svo mikið er um þessar frjettir, að Austurríkismenn eru á nálum að þá og þegar megi þeir kalla út allt sitt lið til að verja sig og Tyrki, sem þeir auk margra annara óttast að fyrstir muni eiga að verða á dagskránni hjá Mískovítum, ef þeir á annað borð byrja.—Að Tyrkir sjálfir óttast Rússa má og ráða af því, að þeir hafa aldrei gert aðra eins rögg á sig að hegna sakamönnum sínum eins og í vikunni er leið. Það höfðu 5 tyrkneskir menn hreytt smánaryrðum að konu hershöfðingja í þjónustu hins rússiska sendiherra og voru þegar handteknir af Rússum og færðir ráðherranum, er svo afhenti þá soldáni, en þó ekki fyrr en eptir nokkra eptirgangsmuni, af ótta fyrir að þeim yrði að venju sleppt óhegndum. En svo brá við, að soldán dæmdi þá í 6 mánaða fangelsi hvern, og að þeim tíma liðn um eru þeir dæmdir til æfilangrar vistar í Tripoli í Afríku. Það er ekki siður soldáns að gefa svona skærpann úrskurð og það án alls undandráttar.

Um hugleysi er nú Salisbury brigzlað í blöðunum á Englandi, af því hann taki ekki á strenginn við Þjóðverja út af yfirgangi þeirra í Austur-Afríku, eins röggsamlega og hann gerði það við litlu Portugal í vetur. Segja þau að hann bjóði Þjóðverjum vinstri kinn sína eptir að þeir hafi slegið hann á hina hægri, og þykir það miður sæmandi.

Stanley fjekk ósviknar ávítanir hjá Salisbury í ræðu, sem hann flutti í samsæti fyrir skömmu og hefur með því hleypt ótal mörgum öðrum af stokkunum, til að fárast yfir hnútunum, er Salisbury sendi Englendingum um daginu, enda mun ætlast til af mörgum að hann finni til þess, að margir sjeu óánægðir með hann.

Í næsta mánuði ætlar Stanley að giptast ungri stúlku af háum stigum á Englandi. Hún hafði neitaðhonum rjett áður en hann fór af stað í þessa síðustu Afríku-ferð sína. En svo hefur hún sjeð sig um hönd síðan, einkum fyrir tilstilli barónsfrúar einnar. Þegar Stanley kom til Bondon um daginn urðu margir hissa á því, að hann fór með þessari barónsfrú heim í hús hennar, áður en hann talaði við nokkra aðra. En svo er það komið upp síðan, að mærin beið hans þar, og þar sagði hún já við endurteknu bónorði hans.

FRÁ AMERÍKU.

BANDARÍKIN.

McKinleys tollbreytinga-frumvarpið var sampykkt í neðri deild þjóðþingsins 21. þ. m. og er það því vel á veg komið að verða að lögum. Uppástunga kom fram í þá átt að Bandaríkja stjórn legði jafnmikinn toll á hinar ýmsu aðfluttu varningstegundir eins og í því og því ríkinu er lagður á samskonar varningstegundir frá Bandaríkjum. Var sú uppástunga gerð með sjerstöku tilliti til Canadastjórnar. En sú uppástunga var fekl án þess gengið væri til atkvæða, þar sýnt var fram á, ad með því móti rjeði Canada, en ekki Bandaríkjastjórn, tolllögum Bandaríkja. Við upplestur frumvarpsins, grein fyrir grein, f 3. og síðasta skiptið, kunnst minnihluta menn (demókratar) að með breytingaruppástungur sínar 13 atriðum, þó lítill væri atkvæðamunurinn í hverju einu tilfellinu. Í öllum þessum atriðum er demókratar unnu, fylgdu nokkrir republíkar þeim við atkv.greiðsluna, flestir 13 og fæstir 7. Það kjó og býsna nærri að demókratar yrðu ofan á við atkvæðagreiðsluna um grein ina um tollverndun á blikkgerðarverkstæði. Atkvæðin fjellu þannig, að „já" sögðu (við greininni) 150, en „nei" 142, og af þeim 142 voru 8 republíkar.—Að frumv. upplesnu gerði Carlisle forvígismaður demókrata þá uppástungu, að því væri vísað til nefndarinnar aptur til frekari yfirvegunar, en sú uppástunga var feld með 164 atkv. gegn 140. Að vörmu spori stakk þá McKinley upp á að frumvarpið í heild sinni væri sampykkt og var það gert með 164 atkv. gegn 142. Þau 3 atriði er feld voru lutu að tollhækkun á hörtvinna, ullar bandi og bandi gerðu af ull- og hárblendingi og á klæðnaði á ákveðnu verðstigi, gerðum af ull og ullar og hárblendingi. Frumvarpið er nú orðið talsvert breytt frá fyrstu útgáfunni.

Mælt er að Blaine karlinn sje nú þegar farinn að hugsa um embætti fyrir sig eptir að forseta ár Harrisons eru liðin (1892). Hann býzt ekki við að hann verði endurkosinn forseti og þó svo verði vill hann ekki vera í ráðaneyti hans aptur. Forsetaembættinu treystir hann sjálfum sjer ekki til að ná, og er því að hugsa um að verða eptirmaður Hales frá Maine í efri deild. Hale víkur frá í janúar 1893.

Um eldgos í Alaska er getið í nýkomnum frjettum þaðan. Eldfjallið *Onamalaska* hafði gosið í febrúar í vetur, og fjell aska og vikur í hrönnum í 44 mílna fjarlægð. Þetta sama fjall gaus 1882.

Neðri deild þingsins hefur sampykkt að veita sjóflotadeild Bandaríkja $22,160535, er á að duga henni á næstk. fjárhagsári. Efrideildin er að hugsa um að færa þá upphæð niður svo nemi nálega $1½ milj.

Samsæri er nýkomið upp í California, til að taka með ofbeldi landskagann, sem nefndur er „neðri California", af Mexico-stjórn og gera að sjerstöku lýðveldi þangað til samningi verði lokið um inngöngu þess í Bandaríkja-sambandið. Í samsærinu á að vera flokkur auðmanna, bæði Bandaríkjamenn og Englendingar.

Yfirrjettur New York-ríkis hefur fyrir fáum dögum dæmt ómerka og ólöglega alla sámninga sykurgerðarfjelaganna í Bandaríkjum. Sykurgerðarfjelag New York klagaði yfir því að yfirstjórn hins sameinaða fjelags hafði ekki ent loforð sín að greiða að rjettum hlutföllum hinn aukna ávinning sykurgerðarmanna.

Fullyrt er að í vikunni er leið hafi Jey Gould keypt nærri $4 milj. virði í hlutabrjefum Great Northern járnbrautarfjelagins.

Lík Garfields forseta var hinn 21. þ. m. flutt úr fyrverandi legstað í grafhvolfið í minnisvarða hans í sama grafreitnum (Lake View)—skammt frá Cleveland í Ohio. Minnisvarði hans verður vígður 30. þ. m. Lík móður hans var og samdægurs flutt í sama grafhvolfið í minnisvarðanum.

Þá er nú Harrison forseti farinn að skipa menn í sýningarstjórnina; tilnefndi fyrsta hópinn 26. þ. m.

Fregnriti *New York Herald* í Washington segir ástæðulaust að aðrast út af Behringssundsþrætunni og segir að Bandaríkjastjórn muni ekkert það aðhafast, er heft geti friðsamleg úrslit málsins. Hann segir tilhæfulaust að bráðabyrgðar samningur hafi verið gerður, én Bandaríkjastjórn hafi í privat brjefum boðið skipstjórum sínum að taka ekkert brezkt skip fast, ef mögulega verði hjá því komist.

Brjef til forsetans frá Blaine utanríkisstjóra, var lagt fyrir báðar þingdeildir í vikunni er leið. Er efni þess að skýra frá ályktun hins nýafstaðna Ameríku verslunarþings áhrærandi byggingu járnbrautar eptir endilangri Ameríku, og fylgja því meðmæli Blaines. Segir hann þar að hlutur Bandaríkja af áætluðum landmælinga kostnaði sje $65,000. Forseti mælir svo fast fram með, að þessi litla upphæð sje veitt.

Hæsti rjettur Bandaríkja hefur úrskurðað að lög New York-ríkis um aftöku dauðasekra manna með rafurmagni sjeu góð og gild. Er þar með lokið lífsvon allra þeirra í því ríki, er biðu eptir þessum úrskurði.

Canada.

Sambandsstjórn hefur verið tilkynnt af forstöðumönnunum að vel byrji fyrir gufuskipalínunni, er í vetur er leið var stofnuð milli Canada og West India-eyjanna. Fjelagið hefur þar ekki til nema eitt skip enn, og í fyrstu ferðinni frá eyjunum fjekk það aðeins hálfan farm, í annari fullan farm og í þeirri þriðju bauðst því heilum skipsfarmi meira en það gat tekið.

Quebec-fylki hefur verið talinn eptirbátur flestra annara fylkja og ríkja í Ameríku að því er almenna uppfræðslu snertir, og hefur líka átt þann vitnisburð skilið. Kaþólska kirkjan hefur ekki sjeð sjer neinn hag við að auka alþýðumentunina og hefur því lengst verið rammasta apturhaldsafl í því efni. Nú er þó svo komið að hún treystir sjer ekki til að andæfa hinni almennu kröfu um almenna menntun, og er því á hverju ári að fjölga alþýðuskólunum í þeim hjeruðum fylkisins sem hún er svo að segja einvöld í, en það yfir höfuð að tala er í fullum ¾ hlutum fylkisins. Ný-útkomnar skýrslur um alþýðuskólana í fylkinu sýna, að þeir eru nú orðnir svo margir að fylkið í því efni slagar töluvert upp í hin önnur fylkin. Við árslokin síðustu voru alþýðuskólarnir alls 5,318 og nemendatal á þeim þegar flest var 266,116, en meðaltal hemenda yfir allt skólaárið var 190,631. Alþýðuskólakennararnir voru alls 8,942 og samlögð laun þeirra á skólaárinu voru $1,472,439.—Af skólahúsunum eru 285 úr steini, 342 úr mórsteini, en hin öll (496) úr timbri.

Verkstæðisfjelag í New York, er býr til málmnáma vjelar, ákveður að koma upp samskonar verkstæði í sumar í þorpinu Sherbrook í Québec, sjálfsagt í þeim tilgangi að verða fyrst til að ná í tollverndun. Sambandsstjórn gerði það sem sje að lögum á síðasta þingi, að það af námavjelum, sem ekki er tilbúið í Canada skuli vera tollfrítt þangað til að verkstæði er stofnað í Canada til að búa til slíkar vjelar.

Ritstjóri blaðs eins í Quebec hefur hafið mál gegn Thomas Mc Grevy fylkisþingmanni í Québec, þeim hinum sama er getið var um í síðásta blaði að kærður væri fyrir fjárdrátt og ýmisleg svik, og heimtar að hann greiði almenningi $380,000 í skaðabætur fyrir að hafa setið á þingi og jafnframt tekið að sjer að vinna hvert stórvirkið á fætur öðru og þar átt við fylkisstjórnina og fylkisþingið og þá um leið óbeinlínis við sig sjálfan. En nú er það ólöglegt að þingmaður hafi á hendi þvílík verk fyrir stjórn þess fylkis er hann er viðriðinn.

Sótugur eins og Charles Rykert var, kom st hann að aptur sem sambandsþingmaður Lincolns-manna. Fjekk 37 atkv. fleira en gagnsækjandinn.

Fielding fyrrverandi stjórnarformaður í Nýja Skotlandi vann frægan sigur við almennu kosningarnar hinn 21. þ. m. Var sjálfur endurkosinn og flestir hans fylgjendur og verður jafn liðsterkur og áður á fylkisþingi; hefur á sínu bandi 28 af 38 þingmönnum. Conservativar gerðu ráð fyrir að vinna stóran sigur, en það fór svona.

Hreinn ávinningur Montreal-bankafjelagsins á síðastl. fjárhagsári þess var $1,377,311. Helmingi þeirrar upphæðar var bætt við viðlagasjóðinn, sem nú er orðinn um $6 milj.